Ed. **361. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um seðlaútgáfurjett ríkisins.

Frá 2. hluta fjárhagsnefndar (S. E. og J. Jós.)

Nefndin hefir haft frumvarp þetta til meðferðar jafnhliða frv. til laga um Landsbanka Íslands, sem um ræðir i nefndaráliti okkar undirritaðra á þingskj. 352.

Leyfum við okkur að visa til þess, sem þar er sagt um frv., og leggjum til, að háttv. deild afgreiði það með svofeldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þareð stjórnin hefir óskað, að henni gefist kostur á að athuga með aðstoð sjerfræðinga og undirbúa fyrir næsta þing endanlegt fyrirkomulag seðlaútgáfunnar og þar sem hjer er um mjög vandasamt mál að ræða, sem miklu skiftir fjárhag þessarar þjóðar, þá þykir rjett, að þessi undirbúningur fari fram, svo málinu geti orðið ráðið til lykta á næsta þingi, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 11. apríl 1924.

Sig. Eggerz,
formaður.

Jóhann Þ. Jósefsson,
framsögumaður.